

Innviðaráðuneytið

Sölvhólsgrötu 7
101 Reykjavík

**Umsögn um drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 524/2008.**

Yðar tilvísun: S-77/2022.

Innviðaráðuneytið kynnir til umsagnar tillögu að breytingum á ofangreindri reglugerð um afmörkun siglingaleiða, svæði sem ber að forðast og tilkynningarskyldu skipa fyrir Suðvesturlandi. Vegagerðin gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögur sem kynntar eru.

Síða 1/2

Tillaga er varðar heimild til siglinga um svonefnda innri leið. 6. gr. reglugerðarinnar.

Kynntar eru fyrirhugaðar breytingar á stærðarmörkum skipa sem heimilt er að sigla fyrir Reykjanes um svonefnda innri siglingaleið og skilyrði sem sett eru fyrir því að slík heimild sé fyrir hendi. Vegagerðin tekur ekki afstöðu til þess hvaða mörk miða eigi við í þessu sambandi eða önnur skilyrði sem setja þurfi fyrir heimild til slíkra siglinga. Vegagerðin telur eðlilegt að horft sé til framþróunar við smíði skipa og í siglingum almennt þegar umrædd stærðarmörk og skilyrði heimildar eru ákveðin en leggur áherslu á að öryggi siglinga sé nægilega tryggt miðað við þá hagsmuni sem umræddum reglum er ætlað að verja.

Vegagerðin bendir á að verði breytingatillagan samþykkt er nauðsynlegt að yfirfara breidd siglingaleiða með tilliti til breyttra forsendna. Breytingin leiðir til þess að gera verður ráð fyrir að stærrí skip mætist á siglingaleiðinni.

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

Tillaga um breytingar á 7. og 8. gr. reglugerðarinnar.

Gerð er tillaga um breytingu á orðalagi 7. gr. sem snýr að efni tilkynningar til Vaktstöðvar siglinga um siglingu skipa sem hafa heimild til siglinga á innri leið skv. 6. gr. reglugerðarinnar og gerir Vegagerðin ekki athugasemdir við breytingatillöguna.

vegagerdin
@vegagerdin.is

Einnig er gerð tillaga að breytingu á orðalagi 8. gr. reglugerðarinnar um heimild til að veita undanþágur frá ákvæðum reglugerðarinnar í þeim tilvikum þegar skip þarf að leita neyðarhafnar eða í skipaafdrepp, skip þarf að leita í var vegna sjóbúnaðar á farmi, skip er með biluð siglingatæki eða vegna annarra slíkra atvika. Lagt er til að Vaktstöð siglinga verði falið það hlutverk að veita slíkar undanþágur að fengnu samþykki Landhelgisgæslu Íslands, sbr. 15. gr. laga um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004.

Vegagerðin bendir á að ákvæði 8. gr. um undanþágur snýr að atvikum þar sem neyðarástand kann að vera yfirvofandi og öryggi skips, áhafnar og farms er í húfi. Í slíkum tilvikum er afar mikilvægt að unnt sé að bregðast hratt við til að afstýra yfirvofandi hættu. Hafa verður í huga að áskilnaður um formlegt samþykki Landshelgisgæslu Íslands fyrir undanþágum kann að valda töfum á viðbrögðum auk þess sem ábyrgð á viðbrögðum getur orðið óljós. Vegagerðin bendir á að ákvæði laga nr. 33/2004 um aðkomu Landhelgisgæslunnar þegar kemur að viðbrögðum við yfirvofandi bráðamengun gilda óháð ákvæðum reglugerðarinnar. Reglugerðin breytir í engu aðkomu og forræði Landhelgisgæslunnar í þeim tilvikum sem falla undir lög nr. 33/2004.

Vegagerðin telur engan vafa leika á mikilvægi þess að Landhelgisgæslan geti gripið inn í aðstæður sem gefið geta tilefni til veitingar undanþágu ef tilefni er til. Tryggja mætti aðkomu Landhelgisgæslunnar með því að kveða á um tilkynningarskyldu frekar en áskilnað um formlegt samþykki þeirrar stofnunar. Með tilkynningu frá Vaktstöð siglinga til Landhelgisgæslunnar er nauðsynlegt upplýsingamiðlun tryggð þannig að gæslan geti hvenær sem er gripið inn í aðstæður ef tilefni er til.

Að öðru leyti gerir Vegagerðin ekki athugasemdir við breytingatillöguna og er fylgjandi samþykkt hennar.

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Bergþóra Þorkelsdóttir, forstjóri

Undirskrift



Síða 2/2

Vegagerðin